

Lýðræðissjónarmið krefjast breytinga

Rætt við Sigurbjörn Sveinsson formann LÍ um aðalfund félagsins

Í SEPTEMBERBLADI Læknablaðsins birtust tillögur stjórnar Læknafélags Íslands til breytinga á lögum félagsins. Eins og sjá mátti er um verulegar breytingar að ræða og þar sem aðalfundur félagsins verður haldinn dagana 11. og 12. október þótti við hæfi að taka formanninn, Sigurbjörn Sveinsson, tali og spyrja hverju þessar miklu breytingar á lögum sættu.

„Í samningunum í vetur leið kom fram gagnrýni á störf samninganefndar og skipulag LÍ. Fullyrt var að læknaþóparnir væru orðnir svo sérhæfðir og sundurleitir að ekki væri hægt að semja í einu lagi fyrir þá alla. Þess vegna gæti nefndin ekki beitt sér af alefli í þágu allra sjúkráhlækna.

Sumar þessara radda eru ekki nýjar. Hugmyndir skurðlækna hafa verið nokkur ár í farvatninu og ungum læknum á öllum tímum hafa fundist hagsmunir þeirra sniðgengnir. „Við erum alltaf seld,“ er fullyrðing sem hljómar kunnulega í eyrum lækna sem komnir eru langt yfir miðjan aldur eins og ég!

Stjórn LÍ tók vel í að ræða breytingar á skipulagi félagsins strax og skurðlækna settu fram hugmyndir sínar um síðustu áramót. Tillögur hennar eru afrakstur mikillar umræðu stjórnar við skurðlækna, formenn sérgreinafélaga, á formannaráðstefnu og fundum sem formaður hefur haldið með læknum á Akureyri og á Norðurlöndum.“

Brjóst og forysta í baráttunni

– Áttu von á því að þessar breytingar, ef samþykktar verða, megni að halda saman félaginu og stöðva miðflóttann sem virtist vera að bresta á í vetur?

„Það er í sjálfu sér ekki markmiðið að halda saman félaginu. Stéttarfélög eru bara tæki fyrir þá sem í þeim eru og öll félög þurfa endurnýjunar við. Þessar tillögur eru settar fram í því skyni að félag lækna geti verið eins gott brjóst og forysta og kostur er í baráttunni fyrir bættum hag.

Tillögur stjórnar eru tvíþættar. Í fyrsta lagi eru gerðar tillögur um allmiklar breytingar á orðalagi og í samræmingarskyni. Lagabæturnar eru hins vegar fyrst og fremst fólgnar í skipulagi stéttarfélagsins. Í stað þess að aðildarfélög LÍ séu svæðafélög lækna þá verður félagið safn svæðafélaga og þeirra félaga sem kjósa að fara með samningsrétt félaga sinna og hafa fengið umboð þeirra til þess. Það verður í hendi sérgreinafélaganna og lækna sem í þeim eru að taka ákvörðun um það hvernig aðild þeirra að LÍ er háttad.“

– Því er oft haldið fram að LÍ sé félag sem gæti margra og ólíkra hagsmuna, það er fagfélag og stétt-

arfélag launamanna, auk þess sem þar eru stjórnendur og lækna sem hafa stöðu atvinnurekenda. Verður auðveldara að sameina hagsmunabaráttuna eftir lagabreytingarnar?

„Því er erfitt að svara. Hins vegar eru tillögurnar ekki settar fram til þess eins að auðvelda okkur lífið. Ég er ekki einu sinni viss um að þetta sé heppilegt fyrir stéttina eða fyrir stefnumótun í heilbrigðismálum. En lýðræðissjónarmið krefjast þess að komið sé til móts við þá sem gagnrýnt hafa LÍ og þótt breytingarnar séu meirihluta félaga ef til vill ekki geðfelldar er nauðsynlegt að kúga ekki minnihlutann í þessu máli.“

Læknaög felld úr gildi?

– Hvað um önnur mál sem aðalfundur mun fjalla um?

„Ég hafði gert mér vonir um að ég gæti farið með friði á þessum þriðja aðalfundi mínum en mér sýnist lítil von til þess. Enn berast fregnir um að í fagraðuneyti okkar sé í smíðum frumvarp til laga sem sé læknum ógeðfellt. Þar á ég við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn sem leysa læknaög af hólmi. Um starfsemi lækna hafa gilt sérlög frá því snemma á síðustu öld og þau hafa verið til góðs fyrir almenning, heilbrigðisstjórnina og lækna. Þau hafa verið endurbætt reglulega og staðist tímans tönn. Þau undirstrika sérstöðu lækna í heilbrigðisþjónustunni sem er þeim nauðsynleg svo þeir geti haft forystu um greiningu og meðferð sjúkdómanna eins og til er ætlast. Í lögum er kveðið skýrt á um ábyrgð lækna og skyldur og um takmarkanir á heimild annarra og ólærðra til að gefa sig að lækningum. Telji Alþingi nauðsynlegt að bæta lagaumhverfi annarra heilbrigðisstétta er óþarft að gera það á kostnað lækna.

Það verður óhjákvæmilegt að minnst á þetta frumvarp á aðalfundinum þótt skemmtilegra hefði verið að taka að minnsta kosti einu sinni á móti ráðherra við afslappaðri aðstæður.

Samhliða aðalfundinum verður að vanda efnt til málþings þar sem kynntar verða reglur sem Medical Council í Bretlandi setti nýlega um réttindi og skyldur lækna, rætt um kynningu lækna á sjálfum sér í breyttri tækni og um símenntun sem er ofarlega á baugi hjá evrópskum læknum um þessar mundir.

Aðalfundurinn er mér tilhlökkunarefni. Það er spennandi að hitta kollegana, takast á um málin og ráða fram úr þeim í mikilli spekt eins og jafnan hefur verið gert innan Læknafélags Íslands,“ segir Sigurbjörn Sveinsson formaður.

Bróstur Haraldsson